

Fundargerð háskólaráðs

308. fundur föstudaginn 23. september 2011
stofu 262, Borgum, kl. 12 – 15.25

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 307. fundar, mál til kynningar

1105443

Fundargerð 307. fundar var samþykkt að teknu tilliti til lítilsháttar athugasemda. Rektor greindi frá að HA hefur haldið eða tekið þátt í fimm stórum ráðstefnum síðan í maí sl. og ein ráðstefna er framundan. Í öllum tilvikum nema einu eru ráðstefnurnar haldnar í nýja húsnæðinu í Miðborg sem hefur reynst mjög vel. Undantekningin er ráðstefna um norðurslóðamál sem haldin var í Hveragerði í byrjun september.

Rektor sagði frá ferð sinni og sex annarra starfsmanna HA til Skotlands dagana 12. – 16. sept. Með í för var líka starfsmaður úr Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna og starfsfólk fleiri íslenskra háskóla.

Hópurinn heimsótti University of The Highlands and Islands – UHI en þar fer nám að mestu leyti fram í fjarkennslu. Ferðin heppnaðist mjög vel. Margar hugmyndir eru um samstarf HA og UHI. Frank Rennie frá starfsstöð UHI á Stornoway er væntanlegur til Íslands fljótlega.

Rektor sagði frá að Jonas Gahr Støre og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherrar munu undirrita milliríkjasamning Noregs og Íslands um norðurslóðamál þann 29. þ.m. Samningurinn felur m.a. í sér kostun Norðmanna á stöðu rannsóknarprófessors í norðurslóðafræðum við HA til þriggja ára.

2. Rekstraryfirlit janúar - ágúst

"[málsnúmer]"

Rektor kynnti yfirlitið. Staða kennsludeilda er 491.743 mkr. og stoðþjónustu 372.284 mkr. Staða ýmissa verkefna er 40.435 mkr. Samtals eru það 904.462 mkr. eða 67.77% af áætlun og er þá tekið tillit til þess að búið er að greiða út kjarasamningsbundnar launahækkanir síðan í júní. Viðmiðið er 66.66%. Án launahækkana er staðan 66.47% af áætlun. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 110.500 mkr. Yfirlitið sýnir brúttótölur. Eftir er að færa tekjur á móti kostnaði í ýmsum tilvikum. Eftir er að taka inn í áætlun kostnað vegna meiri kennslu í umhverfis- og orkufræði en samþykkt áætlun gerir ráð fyrir. Rekstur háskólans verður að öllum líkindum í samræmi við áætlun í árslok.

28/10/11 JS .JK
SAS. (C)

3. **Rekstur - annað**

"[málsnúmer]"

Rektor greindi frá helstu forsendum rekstraráætlunar 2012 sem unnið er að. Hann hefur óskað eftir hugmyndum frá forsetum fræðasviða um hagræðingu í rekstri vegna niðurskurðar á opinberu framlagi til háskólans árið 2012.

4. **Skipun siðanefndar**

1108014

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um skipun í siðanefnd HA 2011-2013.

Aðalfulltrúar í nefndinni eru:

Guðmundur H. Frímansson prófessor, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir lektor, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs,

formaður

Jóhanna G. Snæfeld Magnúsdóttir nemi

Sigríður Halldórsdóttir prófessor, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs.

Til vara:

Sigrún Sveinbjörnsdóttir dósent, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Edward H. Huijbens dósent, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir nemi

Sólrún Óladóttir aðjúnt, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs.

Daníel Freyr Jónsson verkefnastjóri prófa og fjarkennslu er ritari siðanefndar.

5. **Skipun staðgengils rektors 2011-2012**

1109014

Rektor tilnefni Sigurð Kristinsson forseta hug- og félagsvísindasviðs staðgengil sinn í eitt ár frá 1. október nk. Háskólaráð samþykkti það.

6. **Samræmt matskerfi opinberu háskólanna vegna framgangs og ráðninga**

Rektor sagði frá að því að vinnumatskerfi í HA og HÍ hefur verið samræmt að fullu. Stefnt er að því að reglur um framgang og ráðningarferli háskólanna verði einnig samræmdar rá ársbyrjun 2012. Eftir það verða kröfur sem gerðar eru til lektora, dósentna og prófessora háskólanna algerlega sambærilegar. Helstu nýmæli í samræmdum framgangsreglum eru að sótt verður um framgang einu sinni á ári. Til greina kemur að HA og HÍ hafi sameiginlega nefnd til að fjalla um framgangsúmsóknir.

7. **Ráðning í 50% stöðu lektors í félagsfræði**


1103037

Hallur vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis þar eð hann er maki eins umsækjenda.

Rektor kynnti auglýsingu um stöðuna og dómnefndarálit um þrjá umsækjendur sem dómnefnd mat hæfa til að gegna henni. Einnig athugasemdir umsækjenda við álit, svar dómnefndar við þeim og umsögn deildarfundar

félagsvísindadeildar um umsækjendurna. Niðurstaða rektors er að

umsækjandinn Andrea Sigrún Hjálmsdóttir uppfylli best þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu og verður hún ráðin í starfið.

28/10/11 BS
Hk. 

8. Önnur mál

Rektor sýndi yfirlit yfir fjölda rannsóknastiga kennara við HA árið 2010, byggt á stigamatsgögnum. Um það bil 25% kennara eru með stigatal undir 7 stigum. Ef skoðuð eru þrjú síðustu ár eru um 10% kennara undir þessu viðmiði. Lagði rektor áherslu á að nauðsynlegt er að skoða 3 – 5 ár í senn til þess að fá marktæka mynd af stigafjöldanum.

Umræða varð um málið. Fram kom að aðjúntar, lektorar og dósentar fá umbun ef þeir hafa fleiri en sjö rannsóknastig á ári, en prófessorar ef þeir hafa fleiri en 10 stig. Rannsóknaskylda kennara er þó ekki skilgreind sem sjö eða tíu stig.

Fram kom að:

- talning rannsóknastiga er ekki nothæfur mælikvarði á rannsóknir kennara í öllum tilvikum. T.d. mælir hann ekki fræðirannsóknir til undirbúnings fyrir kennslu
- mikilvægt er að rannsóknir styðji við kennsluna enda er það grunnhugsunin
- talning rannsóknastiga er góður grundvöllur til að nota í starfsmannasamtölum
- rannsóknastefna þarf að vera hluti af stefnumörkun HA 2012-2017

Ákveðið var að fá á næsta fund Ólínu Freysteinsdóttur verkefnisstjóra á RHA til að gera grein fyrir stigamati kennara við HA nokkur ár aftur í tímann.

Rektor gat um nýtt norskt kerfi, Cristin, sem er í þróun, til að mæla margskonar fræðilega framlegð.

Rektor greindi frá hvernig vinnu við stefnumótun fyrir HA 2012 – 2017 miðar. Sex vinnuhópar starfa með stýrihóp um stefnumörkun úti á fræðasviðunum. Stefnt er að því að stefna HA 2012 – 2017 verði kynnt í ársbyrjun 2012.


Fram kom í umræðum að nauðsynlegt er að tengja stefnu HA við efnahagslegt umhverfi háskólans.

Rektor mun senda háskólaráðsfulltrúum punkta úr stefnumörkuninni eftir því sem vinnunni vindur fram.

Rektor sagði frá undirbúningi háskólafundar. Nauðsynlegt er að breyta reglum HA um háskólafund til samræmis við lög um opinbera háskóla svo að starfsmenn við allar starfseiningar HA eigi kost á að kjósa/vera kjörnir fulltrúar á háskólafund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.25.

28/10'11 Birna Svavbj.


Birna Svavbjörnsdóttir